

Dómsmálaráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

5. ágúst 2025

Umsögn ÖBÍ réttindasamtaka um áform um frumvarp til laga um brottfararstöð. Mál nr. S-138/2025.

ÖBÍ réttindasamtök (ÖBÍ) eru heildarsamtök fatlaðs fólks á Íslandi. Hlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fatlaðs fólks í hverskyns hagsmunamálum.

ÖBÍ leggst gegn því að heimilt verði að varðhaldsvista fatlað fólk og börn í brottfararmiðstöð.

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna er mótfallin varðhaldsvistunum barna, þ.m.t. barna á flóttu.¹ Byggir sú afstaða m.a. á því að samkvæmt rannsóknum getur varðhaldsvistun barna, óháð ástæðum og aðbúnaði, valdið börnum skaða. Samkvæmt stofnuninni getur það aldrei talist barni fyrir bestu að vera varðhaldsvistað. Í afstöðu Flóttamannastofnunar segir m.a.:

„[...] recent studies have indicated that detention of children can undermine their psychological and physical well-being and compromise their cognitive development. Furthermore, children held in detention are at risk of suffering depression and anxiety, and frequently exhibit symptoms consistent with post-traumatic stress disorder such as insomnia, nightmares and bedwetting. There is indeed strong evidence that detention has a profound and negative impact on children's health and development, regardless of the conditions in which children are held, and even when detained for short periods of time or with their families. The risk of exposure to others forms of harm, including sexual and gender-based violence, are also significant in many detention contexts. Furthermore, there is no evidence that detention of children serves the aim of deterring refugee or asylum-seeker movements or irregular migration.

In this context, UNHCR's position is that children should not be detained for immigration related purposes, irrespective of their legal/migratory status or that of their parents, and detention is never in their best interests. Appropriate care arrangements and community-based programmes need to be in place to ensure adequate reception of children and their families.“

Barnahjálpi Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er sömuleiðis mótfallið varðhaldsvistunum barna.² Tekið er undir umsögn UNICEF á Íslandi um þetta mál.³

Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna mælir einnig gegn varðhaldsvistun fatlaðs fólks.⁴ Í leiðbeiningum Flóttamannastofnunar um varðhaldsvistanir fólks á flóttu segri m.a.:

„As a general rule, asylum-seekers with long-term physical, mental, intellectual and sensory impairments should not be detained.“

Nefnd Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks hefur nýlega gegnrýnt kanadísk stjórnvöld fyrir varðhaldsvistanir á fötluðum umsækjendum um alþjóðlega vernd og farendum og kallað eftir að þeim verði hætt.⁵ ÖBÍ gagnrýnir að í þeim skjölum sem lögð hafa verið fram í tengslum við áformin er hvergi vísað til Samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Samningnum er ætlað að tryggja mannréttindi fatlaðs fólks til jafns við aðra og byggir á þeirri staðreynd að fötluðu fólki er hættara en

¹ UNHCR, UNHCR's position regarding the detention of refugee and migrant children in the migration context, janúar 2017: <https://www.refworld.org/policy/legalguidance/unhcr/2017/en/115250>

² UNICEF, End Immigration Detention of Children, febrúar 2024: <https://www.unicef.org/media/151371/file/Advocacy%20Brief:%20End%20Child%20Immigration%20Detention%20.pdf>. UNICEF, Alternatives to immigration detention of children, febrúar 2019: <https://www.unicef.org/documents/alternatives-immigration-detention-children>

³ <https://samradapi.island.is/api/Documents/549f0c1f-536d-f011-9bce-005056bcce7e>

⁴ UNHCR, Detention guidelines, 2012: <https://www.unhcr.org/il/wp-content/uploads/sites/6/2020/11/UNHCR-Detention-Guidelines-English.pdf>, bls. 38.

⁵ Committee on the Rights of Persons with Disabilities, Concluding observations on the combined second and third periodic reports of Canada, 15. apríl 2025: <https://www.ecoi.net/en/file/local/2124316/G2504991.pdf>, bls. 12.

öðrum við að sæta mannréttindabrotum. Í skjölunum er heldur ekki vísað til laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.

ÖBÍ gagnrýnir framsetningu málsins í umræðu um það á opinberum vettvangi. Umræðuna hefur mátt skilja sem svo að íslenska ríkinu sé skylt samkvæmt tilskipun 2008/115/EB að koma á fót *sérútbúinni varðhaldsmiðstöð* (e. specialised detention center). Að mati ÖBÍ felur tilskipunin ekki í sér slíka skyldu. Það sem raunverulega skiptir máli er að hætt verði þeirri framkvæmd sem nú er viðhöfð að vista umsækjendur um alþjóðlega vernd í fangelsum við óviðunandi aðstæður. Það sem tilskipunin áskilur hins vegar er að vægari úrræða sé ætíð leitað áður en notast er við varðhald hafi viðkomandi ríki ákveðið að fara þá leið að notast við varðhald. Þá er lögð áhersla í tilskipuninni á að tryggja, meðalhóf, mannúð og mannréttindi.

Ekkert um okkur án okkar!

Með vinsemd og virðingu,



Alma Ýr Ingólfssdóttir
Formaður ÖBÍ



Sigurður Árnason
Lögfræðingur ÖBÍ